

Þann 1. september var gerð breyting á skipulagi teymi hjá FA. Teymi hæfnigreininga, námskráa og kennslufræðimiðstöðvar, sem voru leidd af Höllu Valgeirsdóttur, voru sameinuð í ett teymi ásamt raunfærnimati. Hið nýja sameinaða teymi verður undir verkstjórn Lilju Rósar Óskardóttur. Hún hefur leitt raunfærnimatsteymið en tekur nú við hinu sameinaða teymi. Halla lætur af störfum að eigin ósk hjá FA þann 17. september n.k. Með Lilju starfa áfram Guðmunda Kristinsdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Valgerður Þ. E. Guðjónsdóttir. Unnið er að ráðningu nýs starfsmanns.

### Námskrár

Áhersla þessa árs hefur verið á þróun og endurskoðun námskráa.

Endurskoðun á námskrám í bóklegum greinum er á lokametrunum. Aðkoma þeirra fræðsluaðila sem tóku þátt í þessari vinnu hefur verið afar gagnleg og við viljum þakka kærlega fyrir það. Endurskoðaðar námskrár verða kynntar á næstunni.

Endurskoðun á námskránum Færni í ferðþjónustu I og II eru einnig langt komnar. Eins og fram kom í Snepli nr. 22 hefur verið horft til þeirra hæfnigreininga sem gerðar hafa verið á störfum í ferðþjónustu og starfaprófilarnir notaðir sem grunnur að námskrám. Eftir endurskoðun verða námskrárnar þrjár, Ferðþjónusta I, Ferðþjónusta II og Ferðþjónusta III – annars vegar með áherslu á móttöku og hins vegar með áherslu á þjónustu í sal. Námskrárnar Færni í ferðþjónustu I og II verða notaðar sem útgangspunktur í námslýsingar sem gerðar verða með námskránum. Þannig mun uppbygging námsins áfram vera með sambærilegum hætti og verið hefur og fræðsluaðilar geta hagað framkvæmd námsins með sama sniði og áður ef það hentar.

Ný og endurskoðuð útgáfa af námskránni Sterkari starfsmaður kemur út á næstu vikum. Jafnframt kemur út námslýsing með námskránni.

Í vor var farið af stað með endurskoðun á námskránni Meðferð matvæla, fresta þurfti þeirri vinnu en henni verður haldið áfram nú á haustmánuðum.

Í vor var unnin námskrá fyrir félagsliða og send í vottun. Niðurstaða er ekki komin en Fræðslusjóður hefur samþykkt að fjármagna tilraunaútgáfu.

### Hæfnigreiningar

Vegna lítillar skráningar á námskeið fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga sem vera átti í byrjun mánaðarins þurfti að fella það niður. Gert er ráð fyrir að boðið verði upp á námskeið fyrir áramót ef næg þátttaka fæst.

### Kennslufræðimiðstöð

Eftir sumarfrí var farið af stað með prófun á raunfærnimatslistum fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu. Þeirri prófun lýkur nú í september og þá verða listarnir endurskoðaðir og ferlinu lýst.